Skjalið samdi:
Kristófer Tómasson
kt. 060865-5909

# KAUPSAMNINGUR

---

## 1. Aðild.

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur,** kt. 540602-4410, (hér eftir nefndur **seljandi**), og **Björgunarsveitin Sigurgeir**, kt. 430585-0539 (hér eftir nefndur **kaupandi**), gera með sér eftirfarandi kaupsamning:

## 2. Hið selda.

Kaupandi lofar að kaupa og seljandi lofar að selja 33, 33 % fasteignarinnar Suðurbraut nr. 1 við Árneshverfi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, fastanr 220-2760. Kaupandi er eigandi fasteignarinnar að öðru leyti.
Samkvæmt skráningu í Þjóðskrá er heildarstærð eignarinnar 160 fermetrar. Eignarhlutur sem kaupsamningur þessi nær til eð 40 fermetrar að stærð.

Fasteignamat eignarinnar er skv. Þjóðskrá 2018 kr. 4.166.625,-.

## 3. Kaupverð og greiðsluskilmálar.

Kaupverð eignarinnar er kr. 4.166.625,-
Greiðsluskilmálar eru eftirfarandi :

1.Við undirritun kaupsamnings greiðir kaupandi kr. 1.000.000,-

2.Hluti af samþykktum styrk seljanda til kaupanda árin 2019, 2020 og 2021 samtals kr.1.500.000,- kemur til greiðslu hluta kaupverðs.

3. Eftirstöðvar kaupverðs kr. 1.033.375 greiðast með eingreiðslu eigi síðar en 1. Júlí 2022.

## 4. Afhending hins selda og afnotaréttur.

Hin selda eign og réttindi standa kaupanda til ráðstöfunar við undirritun kaupsamnings þessa.

## 5. Ástand hins selda.

Kaupandi hefur haft eignina á leigu um sinn og þekkir ástand hennar og sættir sig við það.

aðilum tekst ekki að leysa með samningum, skulu dómsmál vegna samningsins rekin fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

**7. Ýmis ákvæði.**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda einu eintaki.

Veðbókarvottorð liggur frammi við gerð kaupsamnings og hefur kaupandi kynnt sér það.

Kaupandi greiðir skatta og gjöld af eigninni frá undirritun þessa kaupsamnings og hirðir arð af henni frá sama tíma.

Til staðfestu framangreindu rita forsvarsmenn seljanda og kaupandi undir skjal þetta í votta viðurvist og lýsa jafnframt yfir fjárræði sínu.

Seljandi og kaupandi skuldbinda sig til þess að veita allan atbeina sinn til þeirra mála er tengjast réttarvernd og þinglýsingu hinna seldu réttinda og breytinga á lóðamörkum í samræmi við meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrátt eftir því sem nauðsyn krefur.

Kaupandi fær afhent útgefið afsal fyrir lóðinni innan mánaðar frá undirritun kaupsamnings.

Kaupanda er ljóst að undirritun undir kaupsamning þennan er gerð með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Kaupsamningurinn verður lagður fyrir sveitarstjórn við fyrsta tækifæri til samþykktar.

Seljandi ber kostnað af gerð og þinglýsingu afsals vegna kaupsamnings þessa.

Árnesi, 17.01. 2019.

| **SELJANDI** | **KAUPANDI** |
|---|---|
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar | Björgunarsveitin Sigurgeir |
| Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps [signature] | Jón Hákonarson [signature] |

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði aðila:

| | |
|---|---|
| Kristjána H. Gestsd. 201250-3579 | Þuríður Jónsdóttir 150151-3929 |

Meðfylgjandi skiptasamningur